

Sb.

62. Tillaga til þingsályktunar

[56. mál]

um athugun á radióstaðsetningarkerfum fyrir siglingar, með sérstöku tilliti til fiskveiða.

Flm.: Davíð Ólafsson, Pétur Sigurðsson, Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfræðinga til að gera athugun og tillögur um radióstaðsetningarkerfi fyrir siglingar við Ísland, með sérstöku tilliti til fiskveiða.

Greinargerð.

Tækniþróun á sviði siglinga og fiskveiða hefur verið með ólíkindum undanfarinn aldarfjórðung og í vaxandi mæli síðasta áratuginn. Ýmsar þær nýjungar, sem nú þykja sjálfsgöðar á þessum sviðum, voru ýmist fundnar upp á styrjaldarárunum beint í sambandi við styrjaldarreksturinn eða fengu þá sína fyrstu raunverulegu reynslu.

Bezt þekkt hér á landi af slíkum tækjum mun asdik-tækið vera, enda hefur það, ef svo má segja, skipt aldahvörfum í fiskveiðum okkar.

Radióstaðsetningarkerfi fyrir siglingar hafa hlotið vaxandi útbreiðslu á þessu tímabili. Við norðanvert Atlantshaf og á aðliggjandi höfnum eru það tvenns konar kerfi, sem rutt hafa sér til rúms. Á vesturhluta svæðisins, þ. e. við austurströnd N.-Ameríku og einnig á Grænlandi og Íslandi, er það svokallað „Lóran“-kerfi, sem í notkun er, en á austurhluta svæðisins, þ. e. í Norðursjó og þar í kring, er það svonefnt „Decca“-kerfi, sem notað er. Þá er unnið að því nú að setja upp „Decca“-kerfi í Noregi.

Fram að þessu hafa kerfi þessi fyrst og fremst verið miðuð við almennar siglingar, en að sjálfsgöðu hafa fiskiflotar haft af þeim gagn við veiðarnar. Nútíma fiskveiðar krefjast sífellt bættrar tækni á öllum sviðum, og eitt þeirra atriða, sem þar telst þýðingarmikið, er staðsetning skipsins. Með þeim tækjum, sem nú eru notuð við fiskveiðar, má segja, að þær séu orðnar í vaxandi mæli mikil nákvæmnisvinna, og hver sú tækni, sem getur hjálpað til að auðvelda hana og auka veiðimöguleikana, er því þýðingarmikil. Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að það sé nú tímabært að gera á því gagngera athugun, hvernig bezt verði tryggt, að fiskiflotinn við Ísland fái notið þess radióstaðsetningarkerfis, sem getur gefið mesta nákvæmni í staðsetningu, og því er lagt til, að sérfræðingum verði nú falin sú athugun.